

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 16/1958. **Johan Rønning h/f**

og

Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Ingu Herbertsdóttur f. h. sjálfrar sín, sonar
síns Einars Ingbórs Einarssonar og dánarbús
Einars Lúðvíkssonar (Ragnar Ólafsson hrl.)
og gagnsök.**

Dómdur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannes-
son prófessor.**

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1958. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að lækkaðar verði fjárhæðir þær, sem dæmdar voru í héraði. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. janúar 1958. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 442.258.00, vegna ólögráða sonar hennar Einars Ingbórs Einarssonar kr. 92.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvígssonar kr. 84.019.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál í héraði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda hér fyrir dómi.

I. Bótaábyrgð.

Telja verður, eins og lýst er í héraðsdómi, að öryggisbúnaði við framkvæmd verks þess, sem Einar Lúðvíkssyni var falið, hafi verið áfátt, einkum á byssu þeirri, sem slysið hlaut af. Styðst þetta og við álitsgerð Þórðar Runólfssonar öryggismálastjóra, dags. 3. desember 1958, sem fram hefur verið lögð í Hæstarétti. Kveðst hann vera sammála héraðsdómendum um, „að með nægilega stórri og rétt lagaðri endurkastshlíf hefði mátt koma í veg fyrir slysið, en slík hlíf hefði þurft að ná vel út fyrir dósina og umlykja hana að fullu“. Þá telur hann og vera „miklar líkur fyrir því, að viðeigandi höfuðhlíf hefði komið í veg fyrir slysið“. Hins vegar muni hvorki atvinnurekendum né verkamönnum hafa verið almennt ljóst, að hér var um verkfæri að ræða, sem mikil hætta gat stafað af og krafðist fullkominnar aðgæzlu í notkun, enda hafi þá ekki enn verið fyrir hendi opinber ákvæði um öryggisráðstafanir við notkun á naglabyssu, sbr. nú reglur nr. 154 frá 6. nóvember 1956.

Gegn andmælum gagnáfrýjanda hefur ekki verið leitt í ljós, að Einari Lúðvíkssyni hafi verið veittar nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun byssunnar og hverra öryggisaðgerða hann þyrfti að gæta við starf sitt. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að Einari hafi mátt vera ljóst, hversu mikil hætta gat stafað af meðferð byssunnar, né að hann hafi hagað sér óvarlegar við starf sitt en við mátti búast eftir aðstæðum. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjendur beri óskipta bótaábyrgð á slysinu, enda leysir það þá ekki undan ábyrgð, þó að þeim hafi ekki verið nægilega kunn hættan af byssunni, þar sem þeir höfðu tekið hana í notkun í atvinnurekstri sínum.

II. Krafa Ingu Herbertsdóttur vegna sjálfrar sín.

Svo sem fyrr var greint, nemur þessi krafa kr. 442.258.00. Greinist hún í tvo liði, þ. e. bætur fyrir missi framfæranda, kr. 382.258.00, og fyrir röskun á stöðu og högun, kr. 60.000.00.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram nýr útreikningur

Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 28. nóvember 1958, um innstæðu tjónbóta vegna missis framfæranda með tilliti til breytinga á kjörum rafvirkja, eftir að gerður var útreikningur sá, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt hinum nýja útreikningi nemur verðmæti tapaðra tekna gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur á slysdegi kr. 409.649.00.

Gagnáfrýjandi Inga Herbertsdóttir gekk í hjónaband af nýju hinn 7. júní 1958. Hefur fyrrgreindur tryggingafræðingur einnig reiknað út, hvert tap hennar væri, ef eingöngu er miðað við tímabilið frá slysdegi til 7. júní 1958, og telst honum svo til, að tjónið mundi nema kr. 70.975.00.

Þegar litið er til þess, að gagnáfrýjandi Inga Herbertsdóttir hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjendum kr. 19.490.00, að dæmdar fébætur verða ekki taldar hennar tekjur við álagningu tekjuskatts og útsvars og að hún hefur af nýju gengið í hjónaband, þá þykja fébætur henni til handa vegna missis framfæranda og röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar samtals kr. 170.000.00.

III. Krafa um bætur til Einars Ingbórs Einarssonar.

Þessi krafa nemur kr. 92.560.00, og er hún einnig í tveimur liðum, þ. e. kr. 42.560.00 vegna missis framfæranda og kr. 50000.00 vegna röskunar á stöðu og högum. Aðaláfrýjendur hafa ekki krafizt niðurfærzlu á fyrra kröfuliðnum, en bætur samkvæmt síðari kröfuliðnum þykja hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00. Ber aðaláfrýjendum því að greiða gagnáfrýjanda Einari Ingbóri Einarssyni kr. 62.560.00.

IV. Krafa dánarbús Einars Lúðvikssonar.

Með skirskotun til raka héraðsdóms verða dánarbúinu ekki dæmdar þjáningabætur vegna slyss þess, sem málið er af risið, en að öðru leyti er krafa dánarbúsins, þ. e. kr. 4.019.00 vegna útfararkostnaðar, samþykkt af aðaláfrýjendum. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins um bætur til handa dánarbúinu.

V. Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjendum að greiða in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna sjálfrar hennar kr. 170.000.00, vegna sonar hennar Einars Ingþórs Einarssonar kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið andmælt sérstaklega. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Aðaláfrýjendum ber að greiða in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Johan Rønning h/f og Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 170.000.00, vegna Einars Ingþórs Einarssonar, kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Þá er slysið varð, voru engar reglur hér á landi um meðferð naglabyssna. Nú eru reglur nr. 154/1956 um þær. Vitni telur, að Einar heitinn Lúðvíksson hafi vanizt notkun slíkra byssna á Keflavíkurlflugvelli og hann hafi verið búinn að nota naglabyssu mikið á Stokksnesi, áður en slysið varð, Eigi er vitað, að Einar hafi lesið leiðarvísi, sem byssunni fylgdi og er á ensku.

Meðferð Einars á byssunni var mjög hættuleg af þessum sökum: Hann var að festa raftengidós neðan á loftplötu yfir dyraskýli og hafði byssuskeftið í andlitshæð, þá er hann bar byssuhlaupið að dósinni. Hann skaut í gegnum dósarbotninn á höggsteypuplötu, sem er miklu harðari en venjuleg steypa. Endurkastshlífin á hlaupi naglabyssunnar nam eigi við loftplötuna, sem skjóta skyldi naglanum inn í, heldur lá á tengidósaropinu, þannig að fremsti hluti hlaupsins var við dósarbotninn, en endurkastshlífin var hvorki svo gerð né svo stór, að hún umlyki dósina. Hann skaut gegnum dósina á holu eftir nagla, sem hafði heykzt í næsta skoti áður. Síðari naglinn gekk eigi inn í loftplötuna, heldur geigaði milli hennar og dósarbotnsins og í höfuð Einari. Hlaut hann af því þann áverka, er dró hann til dauða. Er augljóst, að Einar heitinn hefur hagað sér gálauslega, er hann beitti naglabyssunni með téðum hætti og kynnti sér eigi betur en raun ber vitni hættur þær, sem notkun hennar eru samfara. Verður því eigi séð, að efni séu til að leggja alla sök af slysinu á aðaláfrýjendur.

Af gögnum málsins þykir mega ráða, að hvorki fyrtirsvarsmönnum né verkstjóra aðaláfrýjenda hafi verið ljóst, hversu varasöm og hættuleg í notkun naglabyssa er. En gera verður þá kröfu til þeirra, að þeir leggi eigi slíka byssu upp í hendur starfsmönnum sínum, fyrr en þeir hafa kynnt sér rétta notkun hennar, brýnt hana fyrir starfsmönnum sínum og gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir gegn slyshættu. Vangæzla á þessum nauðsynlegu aðgerðum hefur orðið af hendi aðaláfrýjenda, og verða þeir að bera fjárhagsábyrgð af þeim sökum.

Með tilvisun til þess, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum fébætur að $\frac{2}{3}$ hlutum.

1. Með tilvisun til röksemda héraðsdóms þykja fullar bætur til dánarbús Einars Lúðvíkssonar vera kr. 4019.00. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða $\frac{2}{3}$ þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 2679.33.

2. Fullar bætur handa Ingu Herbertsdóttur fyrir missi

framfæranda og röskun á stöðu og högum má ákveða kr. 170.000.00. Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða henni $\frac{2}{3}$ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 113.333.33.

3. Fallast má á, að fullar bætur til Einars Ingþórs Einarssonar séu ákveðnar kr 62.560.00. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða $\frac{2}{3}$ hluta fjárhæðarinnar, þ. e. kr. 41.706.67.

4. Loks ber að dæma aðaláfrýjendur til greiðslu 6% ársvaxta af dæmdum fjárhæðum frá 18. marz 1955.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum kr. 19.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi gagnáfrýjenda í héraði kr. 12.000.00. Auk þess greiðist téðum málflytjanda kr. 6.000.00 úr ríkissjóði.

Dómsorð mitt verður því:

Aðaláfrýjendur, Johan Rønning h/f og Rafvirkjadeild sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar, kr. 2679.33, henni sjálfri kr. 113.333.33 og vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 41.706.67, ásamt 6% ársvöxtum af hinum dæmdu fjárhæðum frá 18. marz 1955.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 19.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti málflytjandi gagnáfrýjenda í héraði, Sigurður Baldursson héraðsdómslögmaður, kr. 12.000.00. Auk þess greiðist málflutningsmanni þessum kr. 6000.00 úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem frá er greint í dómi meiri hluta Hæstaréttar, hefur sú breyting orðið á högum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur eftir að dómur gekk í héraði, að hún hefur gengið í hjónaband af nýju. Krefjast aðaláfrýjendur þess til vara, að bætur henni til handa verði lækkaðar m. a. af þessum sökum.

Ávallt má telja talsverðar líkur fyrir því, að ung ekkja giftist aftur, fyrr eða síðar, en að hún að öðrum kosti geti séð sér farborða með einhverju starfi, er fram líða stundir.

Verður að líta til þessa við ákvörðun fébóta fyrir missi fyrirvinnu, er þannig er ástatt. Hins vegar get ég ekki fallizt á, að fjárhæð dánarbóta beri að lækka sökum þess, að sú breyting varð á högum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur, eftir að dómur gekk í héraði, en áður en málinu er lokið í Hæstarétti, að hún staðfesti ráð sitt af nýju. Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómenda um þau atriði, sem fjárhæð dánarbóta er miðuð við, svo og um það, að eigi sé í ljós leitt, að Einar heitinn Lúðvíksson hafi átt þann þátt í slysinu með ógætni að lækka beri fjárhæð bóta af þeim sökum.

Bætur gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur til handa af hálfu aðaláfrýjanda fyrir missi fyrirvinnu tel ég hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00, en fyrir röskun á stöðu og högum kr. 30.000.00. Frá þessum fjárhæðum ber að draga kr. 5000.00, sem þegar hafa verið greiddar. Ber því að dæma aðaláfrýjendur in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 225.000.00 ásamt vöxtum, eins og segir í héraðsdómi.

Um önnur atriði er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Aðaláfrýjendur, Johan Rönning h/f og Rafvirkjadeild sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 225.000.00, vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., hefur Inga Herbertsdóttir, Laugavegi 86, hér í bæ, vegna sín og dánarbús eiginmanns síns, Einars Lúðvíkssonar, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. apríl 1956, gegn Johan Rönning rafvirkjameistara, hér í bæ, vegna firmans Johan Rönning og Johan Rönn-

ing vegna rafvirkjadeildar Sameinaðra verktaka til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 528.092.45, auk 7% ársvaxta frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1957, höfðaði stefnandi meðalgöngusök vegna ófjárráða sonar síns, Einars Ingbórs, gegn báðum stefndu til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 94.687.55, auk 7% ársvaxta frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Í aðalsök hafa stefndu hvor í sínu lagi aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður. Í meðalgöngusök hafa stefndu krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning hinn 22. f. m. gerði stefnandi nokkrar breytingar á kröfum sínum. Krefst hún þess nú í aðalsök, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni persónulega og vegna dánarbúsins kr. 521.277.00, en að meðalgöngusök verði stefndu dæmdir til að greiða henni in solidum vegna sonar hennar kr. 92.560.00. Af fjárhæðum þessum krefst hún vaxta, eins og að framan greinir. Við málflutning var lagt fram af hendi stefnanda bréf dómsmálaráðherra, dagsett 22. júlí 1957, þar sem stefnanda er veitt gjafsókn bæði í aðalsök og meðalgöngusök. Í samræmi við gjafsóknarleyfið krefst stefnandi nú málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við málflutning höfðu stefndu að öllu uppi sameiginlegar varnir í málinu, bæði að því er tekur til aðalsakar og meðalgöngusakar. Véfengja þeir ekki solidariska fébótaábyrgð sína, ef talið yrði, að stefnandi eigi rétt á fébótum vegna slyss þess, sem málið fjallar um. Annars eru endanlegar kröfur þeirra í málinu nú þær, að þeim verði dæmd sýkna og málskostnaður eftir mati dómsins, en að öðrum kosti verði kröfur stefnanda lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f og Tryggingu h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu bæði í aðalsök og meðalgöngusök, en stefndu voru ábyrgðartryggðir hjá tryggingarfélagum þessum. Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar, og þeir hafa heldur engar kröfur gert. Á hinn bóginn hafa báðir réttargæzlustefndu tekið undir varnarástæður þær, er stefndu hafa haft uppi, og við málflutning voru sjónarmið þeirra í málinu reifuð.

Málsatvik eru þessi:

Í janúar 1955 hóf eiginmaður stefnanda, Einar Lúðvíksson, að vinna við raflagnir að Stokksnesi í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu á vegum rafvirkjadeildar Sameinaðra verk-taka, en Einar var starfsmaður firmans John Rönning h/f, sem er aðili að atvinnurekendasamtökum þessum. Þar eystra stóð þá yfir bygging ýmissa mannvirkja fyrir varnarliðið. Voru hús öll byggð úr svonefndri höggsteypu, en hún mun vera miklu harðari en venjuleg steinsteypa. Við notkun þessa byggingarefnis er ekki hægt að hafa raflagnir inni í loftum og veggjum, svo sem annars tíðkast í steinhúsum, heldur verður að staðsetja rafmagnsrör og raftengidósir utan á veggjum og loftum. Til þess að festa raftengidósirnar, sem voru að því er virðist af venjulegri stærð og gerð, var notuð kraftmikil byssa, sem stálnöglum var skotið úr í gegnum dósarbotnana inn í steypuna. Skál nú leitast við að lýsa gerð og notkun samskonar byssu og hér var notuð. Byssan er vinkillaga, um 18 þumlungar á lengd. Framan á byssu-hlaupinu er málmplata, 10×10 cm, sem lögð er að þeim fleti, sem skjóta á í. Er platan þannig útbúin, að hægt er að færa hana til á hlaupinu eftir því, sem við á hverju sinni. Platan er til varnar því, að nagli, sem skotið er eða steinflísar úr því, sem í er skotið, valdi þeim slysum, sem byssuna notar. Verður platan hér eftir nefnd endurkastshlíf. Þegar raftengidós er fest með byssunni, er framlengingu bætt við hlaup byssunnar, en síðan er hún borin að dósinni þannig, að endurkastshlífin leggst sem lok yfir dósina, og er hún þá í fjarlægð frá steinfletinum, sem nemur dýpt dósarinnar. Byssan er óvirk, nema því aðeins að endi hlaupsins eða framlengingarinnar, sé hún notuð, liggi að þeim fleti, sem skotið er í. Skot þau, sem notuð voru til að skjóta nöglunum úr byssunni, voru fernskonar að styrkleika, og munu sterkustu skotin hafa verið notuð, er skotið var í höggsteypu, svo sem hér var gert. Naglarnir, sem voru notaðir, voru um 6 cm á lengd. Var sá endi þeirra, sem inn í steypuna átti að ganga, oddlaga, en afturendinn var með skrúfgangi, og stóð skrúfgangurinn út í gegnum dósarbotninn, er naglanum hafði verið skotið föstum. Var ró skrúfuð á þann endann og hert að dósarbotninum, og var þá dósin föst orðin.

Að morgni hins 18. marz stóð til að festa raftengidós neðan á loftplötu yfir dyraskýli, sem reist hafði verið framan við úti-dyr eins hússins, sem þarna var í byggingu. Dyraskýli þetta var um 1 m^2 að flatarmáli og rúmir 2 metrar á hæð. Var það af höggsteypu gert, og bjó Einar Lúðvíksson sig undir að festa

dósina með samskonar byssu og lýst er hér að framan. Stóð hann uppi á 18 þumlunga háum hnalli, og mun byssuskeftið hafa verið honum í andlitshæð, er hann bar hlaupið að dósinni. Einari til aðstoðar var maður að nafni Óskar Hansson. Stóð hann í tröppu inni í húsinu og hélt við rafmagnsrör, sem þeir félagar voru búnir að leggja í gegnum húsvegginn yfir útidyrnum. Átti annar endi rörs þessa að tengjast í nefnda dós, og hafði Einar fest dósinni við þann enda rörsins. Er Einar hafði staðsett dósina, skaut hann nagla í hana. Tjáði hann Óskari strax á eftir, að skotið hefði ekki heppnast. Og við athugun kom í ljós, að naglinn hafði að vísu festst í dósinni, en ekki gengið nógu langt inn í steininn, heldur bognað. Dró Einar því naglann út aftur. Að því búnu brjóst hann til að skjóta nýjum nagla í dósina. Fór þá Óskar aftur inn í húsið, en hann hafði gengið fram í dyraskýlið til Einars eftir fyrra skotið. Heyrði Óskar nú, að Einar skaut á dósina, en jafnframt sá hann, að hnallurinn, sem Einar stóð á, féll um koll og að Einar steyptist til jarðar. Brá Óskar þegar við og skundaði til Einars, sem lá hreyfingarlaus og í roti, að því er honum virtist. Brátt komu fleiri menn á vettvang, meðal annars Kristinn Einarsson verkstjóri. Urðu menn þess brátt áskynja, að nagli sá, er Einar hafði skotið úr byssunni í síðara skiptið, hefði kastast til baka og inn í höfuð hans, því að naglinn fannst ekki þótt hans væri leitað, en blóð var á höfði Einars. Var nú Einari lyft á sjúkrabörur og hann borinn inn í hús. Jafnframt var læknir kvaddur á vettvang, og kom hann rúmri hálfri klukkustund síðar. Þá var og hringt til Reykjavíkur og beðið um sjúkraflugvél til að flytja Einar í sjúkrahús. Kom flugvélin þangað austur um kl. 14.00 samdægurs, en slysið hafði orðið kl. 9.20. Var Einar fluttur með flugvélinni til Reykjavíkur, og um kl. 17.00 var hann lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans. Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar deildarlæknis, dagsettu 17. janúar 1957, reyndust sjáanlegir áverkar á Einari við skoðun þeir, að sár var á höfuðkúpunni með nokkurri blæðingu í kringum. Ennfremur blæddi úr munni hans. Vinstri andlitstaug var lömuð og eins virtist allur vinstri helmingur líkamans lamaður, en hægri fót og hægri handlegg hreyfði hann. Einar dvaldi um sólarhring í Landspítalanum, en var síðan fluttur með sérstakri flugvél til Kaupmannahafnar. Var hann lagður inn á heilaskurðeild Ríkisspítalans, þar sem höfuð hans var skorið upp og naglinn fjarlægður. En nokkrum dögum síðar lézt hann.

Sjónarvottar voru engir að slysinu, en svo sem áður er getið, var Óskar Hansson nærstaddur, og er atvikalýsingin hér að framan byggð á frásögn hans og Kristins Einarssonar verkstjóra, en skýrslur voru teknar af þeim hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík um 2½ mánuði eftir slysið. Hafa bæði vitnin staðfest þessar skýrslur sínar fyrir dómi. Að kveldi slyssdagsins kom Ari Hálfðánarson, vélstjóri frá Höfn í Hornafirði, að Stokksnesi og framkvæmdi þar rannsókn á tildrögum slyssins að tilhlutun öryggiseftirlits ríkisins. Liggja fyrir í málinu allýtarleg skýrsla hans um niðurstöður rannsóknar þessarar, dagsett samdægurs, og bréf hans til öryggiseftirlitsins, dagsett tveim dögum síðar, með ýmsum athugasemdum og frekari upplýsingum. Þá liggja og frammi í málinu ljósmyndir, er Ari Hálfðánarson hefur tekið og sýna eiga aðstæður við verk það, er Einar heitinn vann í umrætt sinn. Að lokum hefur dómurinn haft undir höndum byssu sömu tegundar og hér var notuð. Eru gögn þessi mjög til skýringar málsatvikum.

Í skýrslu sinni getur skoðunarmaðurinn til um orsakir til slyssins. Segir þar, að greinilegt sé af útliti holunnar, sem eftir var í loftplötunni eftir skotttilraunir Einars heitins svo og útliti dósarbotnsins, að síðari naglinn, sem skotið var, hafi farið í gegnum sama gatið á dósarbotninum og hinn fyrri, þó aðeins til hliðar, þannig að það hafi orðið ílangt. Er naglinn lenti í steypunni, hafi hann kastast til baka utanvert við dósina og myndað um leið smárispu utan á löggi hennar. Holan, sem eftir var í loftinu, hafi verið ílöng og botn hennar eins og hálfmáni að lögun. Hún hafi verið 12 mm á dýpt, þar sem hún var dýpzt, og kvarnað út frá henni á 15—20 mm radíus. Þessi tilgáta skoðunarmannsins kemur alveg heim við álit vitnanna Óskars og Kristins. Þannig segir Kristinn verkstjóri um þetta atriði í framburði sínum:

„Hann (þ. e. Einar heitinn) hleður byssuna aftur og skýtur nýjum nagla eins nákvæmlega á sama stað og mögulegt var, þar sem hann gat ekki séð naglagatið, eftir að hann var búinn að setja hlaupið upp í dósina. Sá nagli gengur heldur ekki inn, en geigar og gengur út á milli dósarinnar og loftsins, eins og áverkinn á dósinni þar með sér, og lendir í höfðinu á Einari, því útilokað er, að naglinn hafi getað kastast til baka niður úr dósinni, þar sem hlífin á byssuhlaupinu hefur lokað henni. Dós þessari var ætlaður ákveðinn staður, og þar sem þetta á að vera

vatnspéttur lampi, er mikið atriði að gera ekki fleiri göt en nauðsynlegt var.“

Í fyrrnefndu bréfi Ara Hálfðánarsonar til öryggiseftirlitsins segir m. a. á þessa leið:

„Um hina augljósu hættu má nefna þetta tvennt:

1. Byssan sjálf (fyrirkomulag hennar) ber það með sér, að ómögulegt er að telja hana örugga fyrir endurkasti naglans, ef skotið er í efni, þar sem hann getur breytt um stefnu. Á ég við það, hversu lítil öryggisplatan er. Þá er og auðsætt, hversu hættan eykst, þegar skotið er í dós, þar eð öryggisplatan verður í fjarlægð frá steinfletinum, eins og í skýrslunni segir.

2. Þeir, sem gáfu upplýsingar varðandi skýrslugerðina, vöktu sérstaka athygli á því, að mjög sé algengt, að flísar hrökkvi undan öryggisplötunni. Á Stokksnesi var mér og sýndur staður (auk slysstaðarins), þar sem skotið hafði verið í steypu og naglar endurkastast. Var þar um að ræða steypu, blandaða fjörmöl af staðnum, þ. e. sléttum, hörðum og afrúnnuðum steinum.

Rétt er að taka fram, að barmarnir á gatinu á dósinni (skurðurinn eftir naglann) mynda um 90° horn við dósarbotninn. Sést þannig, að byssan hefur verið borin rétt að dósinni (hallalaust).“

Vitnið Kristinn Einarsson kveður Einar heitinn hafa unnið mikið með byssu sams konar og hér ræðir um á Keflavíkurflugvelli, áður en hann hóf að vinna austur á Stokksnesi, en þar eystra hafi hann einnig mikið notað byssuna. Ekki kveðst vitnið geta um það sagt, hvort Einar hafi fengið nokkra tilsögn um meðferð byssunnar, áður en hann hóf að vinna þar eystra. Hins vegar tekur vitnið fram, að Einar hafi verið sérstaklega aðgætinn við öll sín störf og hafi það talið hann sýna mikla aðgætni við notkun byssunnar. Áður en slysið varð, hafi verið búið að skjóta mörg þúsund nöglum í höggsteypuna, án þess að nokkurt slys hlytist af, en oft hafi það komið fyrir, að naglarnir, sem skotið var, festust ekki í steypunni sökum þess, hve hörð hún var. Kveðst vitnið telja slíkar byssur varhugaverðar í notkun, þegar um höggsteypu er að ræða. Vitnið kvaðst hafa tekið byssuna í sínar vörzlur strax eftir slysið og rannsakað hana, en eigi fundið henni áfátt í neinu. Hafi hún og verið mikið notuð eftir slysið, þó ekki við höggsteypu, og ávallt reynzt í lagi. Vitnið kveður byssuna hafa verið geymda í kassa, er hún var ekki í notkun. Innan í loki kassans hafi verið leiðarvísir á ensku og hafi byssan verið notuð samkvæmt honum. Vitnið kveður

rafvirkjana, sem þarna unnu, hafa rætt um það í sinn hóp, að glannalegt væri að nota byssuna, án þess að jafnframt væri notaður höfuðhjálmur eða annar öryggisútbúnaður. Hafi aðalverkstjórinn á staðnum vafalaust heyrt þær samræður. Ekki kveðst vitnið Óskar Hansson minnst þess, að um þetta væri rætt. Að sögn vitnisins voru ekki til öryggishjálmar þar eystra, en voru sendir austur eftir slysið og notaðir þar upp frá því.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að stefndu beri sem umráðamenn byssunnar fébótaábyrgð á tjóni því, er af notkun hennar hlaut í umrætt sinn, þar sem hvorki hafi byssan verið í fullkomnu lagi né heldur hafi verið fullnægt þeim öryggisráðstöfunum, sem gera verði til svo hættulegs tækis. Í annan stað eru kröfur stefnanda á því reistar, að hér hafi verið um hættulegt starf að ræða, sem unnið hafi verið í þágu stefndu og þeir notið hagnaðar af. Þá er á það bent, að höggsteypa sé sérstaklega viðsjárvert efni í þessu sambandi svo og það, að engir öryggishjálmar hafi verið notaðir og skort hafi fullnægjandi leiðbeiningarreglur um notkun byssunnar.

Sýknukröfurnar reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að byssan, sem um ræðir, hafi verið í fullkomnu lagi svo og allur öryggisútbúnaður og umbúnaður á vinnustað. Í öðru lagi er því mótmælt, að um fébótaábyrgð á slysinu geti verið að ræða á þeim grundvelli, að notkun slíkrar byssu sé hættulegt starf. Er þessi varnarástæða á því byggð, hve algengt tæki þetta sé nú orðið. Á hinn bóginn er því haldið fram, að óumdeilanleg orsök slyssins hafi verið það gáleysi Einar's heitins að skjóta nagla í sama gat og hinn fyrri hafði bagnað í. Með skírskotun til framangreindra atriða telja stefndu, að eigi sé unnt að gera þá að neinu leyti fébótaábyrga á afleiðingum slyssins. Varakröfurnar reisa stefndu á því í fyrsta lagi, að Einar heitinn hafi með óaðgætni sinni a. m. k. átt nokkra sök á slysinu og beri því að skipta tjóninu. Í öðru lagi er varakrafan á því reist, að kröfur stefnanda séu allt of háar. Að lokum hafa stefndu sérstaklega mótmælt því, að stefnandi eigi rétt á 7% vöxtum af dæmdum fjárhæðum, eins og krafizt er.

Á þeim tíma, er slys þetta varð, höfðu byssur sams konar og hér ræðir um verið notaðar um alllangt skeið á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og munu ýmsir Íslendingar þar hafa lært meðferð þeirra. Eftir að slysið varð, hófust afskipti opinberra aðilja af notkun slíkra byssa. Var m. a. sett reglugerð um notkun þeirra. Eru nú og gerðar kröfur um ákveðin

skilyrði, er þeir verða að fullnægja, sem réttindi öðlast til að fara með þessar byssur.

Það er álit meðdómendanna, sem báðir hafa lært meðferð slíkrar byssu, að alveg sé tvímælalaust, að réttar séu tilgátur þær, sem raktar eru hér að framan um það, með hverjum hætti slysið varð, enda virðast ekki bornar brigður á það af hálfu stefndu. Telja meðdómendurnir, að endurkastshlífin framan á hlaupi byssunnar hafi verið alls ófullnægjandi, eins og notkun byssunnar hér var háttað, vegna fjarlægðar hlífarinnar frá steinfletinum. En mjög áriðandi, öryggis vegna, að endurkastshlífin liggi fast að fleti þeim, sem í er skotið, þar sem þá er tryggt svo sem framast er kostur, að naglinn, sem skotið er, endurkastist ekki fram hjá hlífinni, eins og hér varð raunin á. Eru og framleiddar ýmsar gerðir þessara hlífa og fer það alveg eftir notkun byssunnar, hvaða gerð af hlíf á við hverju sinni. Við þá notkun byssunnar, sm hér var um að ræða, var þannig mjög áriðandi, að notuð væri hlíf, sem ekki einasta legðist sem lok yfir op raftengidósarinnar, sem í var skotið, eins og hlíf sú gerði, sem notuð var, heldur umlykti hana gersamlega og næmi við steinflötinn. Þykir mega telja fullvíst, að slysið hefði ekki orðið, ef öryggisbúnaður byssunnar hefði verið í fullkomnu lagi að þessu leyti. Þegar skotið er úr byssunni í loft, eins og hér var gert, er og nauðsynleg öryggisráðstöfun, að skyttan hafi hjálm á höfði, en svo sem áður er fram komið, var slíku öryggis-tæki ekki til að dreifa þar eystra, fyrr en eftir að slysið varð. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið um hættueiginleika byssunnar, sem aldrei verður hægt að byggja út að fullu, ófullnægjandi öryggisútbúnað hennar og skort á fullnægjandi öryggisbúnaði skyttunni til handa, þykir sýnt að leggja verði á atvinnurekandann fébótaábyrgð á slysi sem þessu, er rekja má til allra þessara atriða. Hefur því aðalkrafa stefnda ekki við rök að styðjast.

Er þá komið að þeim þætti varakröfunnar, sem fyrst kemur til álita, þ. e. hvort rök hnígi að því að skipta fébótaábyrgð á slysinu. Það er álit meðdómendanna, að óvarlegt og hættulegt sé að skjóta öðru sinni í gat, sem myndast hefur í stein eftir nagla, er fjarlægður hefur verið sökum ónógrar festu, þar sem við það eykst hættan á endurkasti naglans. En telja verður nægilega fram komið, að Einar heitinn hafi farið svo að, er slysið varð. Á hinn bóginn er á það að líta, að með öllu er ósannað, að Einar heitinn hafi verið varaður við hættunni, sem

Þessu er samfara, eða að hún hafi verið honum kunn, en þess var naumast að vænta, að hann gerði sér fulla grein fyrir hættunni af eigin reynd. Ber að hafa það í huga í þessu sambandi, að mjög virðist hafa á það skort, að látnar væru í té þar eystra og brýndar fyrir mönnum nauðsynlegar varúðar- og öryggisreglur varðandi notkun byssunnar, en leiðarvísir sá, sem henni fylgdi, var á ensku. Með skírskotun til þessa og þar sem ekki er fram komið, að Einar heitinn hafi að öðru leyti farið rangt að við notkun byssunnar, þá þykir ekki vera fyrir hendi grundvöllur til skiptingar tjónsins, sem af slysinu hlaut. Verður því stefndu in solidum gert að bæta það að fullu.

Koma nú kröfur stefnanda í aðalsök og meðalgöngusök til athugunar, en þær eru sundurliðaðar þannig:

A. Krafa dánarbúsins.

1. Bætur fyrir þjáningar	kr. 80.000.00
2. Útfararkostnaður	— 4.019.00
	Kr. 84.019.00

B. Krafa Ingu Herbertsdóttur.

1. Bætur fyrir missi framfærandi	kr. 382.258.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..	— 60.000.00
	Kr. 442.258.00
	÷ — 5.000.00
	Kr. 437.258.00

C. Krafa Einars Ingbórs.

1. Bætur fyrir missi framfærandi	kr. 42.560.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..	— 50.000.00
	Kr. 92.560.00

Um A 1.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum á þeim grundvelli, að með öllu bresti lagaheimild til að dæma dánarbúi slíkar bætur, sem hér er krafist, enda séu skilyrði 3. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 ekki fyrir hendi.

Er krafa þessi var uppi höfð með höfðun þessa máls, var

Einar heitinn löngu látinn. Að því athuguðu og með skírskotun til nefnds lagaákvæði brestur skilyrði til að taka kröfulið þenna til greina að neinu leyti.

Um A 2.

Kröfuliður þessi sætir ekki andmælum, og verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um B 1.

Einar heitinn Lúðvíksson var kvæntur stefnandanum, Ingu Herbertsdóttur. Höfðu þau stofnað hjúskap hinn 8. nóvember 1953 og höfðu því verið gift í tæplega $2\frac{1}{2}$ ár, er Einar féll frá. Var hann þá 21 árs að aldri, fæddur 9. janúar 1934, en hún 19 ára gömul, fædd 6. nóvember 1935. Þau hjónin höfðu eignast eitt barn, Einar Ingbór. Er hann fæddur 14. desember 1954 og hefur því verið rúmlega 3 mánaða gamall, er faðir hans lézt. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 3. október 1957 reiknað út áætlað tjón Ingu vegna missis framfæranda. Er Einar lézt, var hann fyrir nokkru orðinn fullnuma rafvirki, og hefur hinn sérfróði maður því lagt til grundvallar útreikningum sínum vikukaup rafvirkja með þeim breytingum, sem á því hafa orðið frá slyssdegi til þessa dags, er útreikningurinn er gerður. Reiknað er með 48 vinnuvikum á ári og 5% orlofsfé fram til 12. júní 1955, en 6% orlofsfé eftir það. Ekki er gert ráð fyrir yfirvinnu. Auk þess, sem nú var greint, er útreikningurinn miðaður við 6% ársvexti, hérlanda reynslu af langlífi karla frá árunum 1941—50 og lífslíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu frá sama tímabili. Reiknað á þenna hátt nema árstekjur á slyssdegi kr. 44.156.00, en 12. júní 1955 hækka þær í kr. 49.172.00, fara eftir það hækkandi og nema, er útreikningurinn er gerður, kr. 55.891.00. Kveðst tryggingafræðingurinn hafa reiknað með þeim tekjum til frambúðar. Sé Ingu reiknaður helmingur þessara tekna svo langt fram í tímann, sem ætla má, að hún lifi og starfskraftar Einars heitins hefðu enzt. Reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti þess hluta teknanna nemi á slyssdegi kr. 396.748.00. Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 14.490.00, sem eru heildarbætur, er hún hefur fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, svo og kr. 5.000.00, er hún hefur fengið greiddar frá stefndu. Mismunurinn, kr. 377.258.00, er þá krafa hennar samkvæmt þessum lið.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Vekja þeir athygli á því, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé reiknað með fullri vinnu árið um kring, án þess tekið sé tillit til veikinda eða hugsanlegs tímabundins atvinnuleysis. Samkvæmt gildandi lögum séu vinnulaun eiginmanns hjúskapareign hans. Konan eigi rétt á framfærslueyri úr hendi hans, en réttur hennar til helmings úr nettóhjúskaparteign mannsins verði ekki virkur fyrr en við slit hjúskapar. Fari þannig eftir atvikum, að hve miklu leyti þessi réttur hennar verði virkur. Með bótum í eitt skipti fyrir öll fái stefnandi fé það, sem um ræðir, fyrr en ella hefði mátt reikna með. Þá er á það bent, að mikið hagræði sé að því að fá bætur sem fúlgufé svo og það, að slíkar bætur séu undanþegnar tekjuskatti og útsvari. Jafnframt öllu þessu beri að hafa í huga, að stefnandi hafi jafnvel meiri möguleika til öflunar tekna utan heimilis en hefði manni hennar enzt líf, þar eð ætla mætti, að að hún hefði þá orðið bundnari við heimilið en ella.

Við málflutninginn var því sérstaklega mótmælt af hálfu réttargæzlustefndu, að í útreikningi tryggingafræðingsins er áætlað verðmæti framfærslueyris Einars Ingbórs, sem hann hefur einnig reiknað út, ekki dregið frá áætluðum vinnutekjum föður hans. Telja þeir, að það beri að gera, áður en tekjunum sé skipt til helminga. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið hjá tryggingafræðingnum, myndi hlutur Ingu af áætluðum atvinnutekjum lækka um fjárhæð, sem næmi helmingi barnalífeyrisins, eða kr. 21.280.00, væri þetta gert.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem hér verða talin skipta máli, ákveðast bætur til Ingu Herbertsdóttur fyrir missi framfæranda kr. 280.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fjárhæðir þær, sem hún samkvæmt því er áður getur, hefur fengið greiddar upp í tjón sitt, samtals kr. 19.490.00.

Um B 2.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Einsýnt er, að stefnandi hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfall manns síns. Þykja bætur til hennar fyrir þá röskun hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Um C 1 og 2.

Svo sem vikið er að undir B 1 hér að framan, hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út áætlað verðmæti framfærslueyris Einars Ingbórs. Er þar reiknað með lögmæltum

barnalífeyri, eins og hann er nú, þ. e. 200 króna greiðslu á mánuði, auk verðlagsuppbótar frá slyssdegi til 16 ára aldurs drengsins. Reiknast hinum sérfróða manni verðmæti lífeyrisins nema kr. 42.560.00. Er þá reiknað með 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum barns. Hefur stefnandi lagt þessa fjárhæð til grundvallar fyrra kröfuliðnum, sem hér er fjallað um.

Stefndu halda því fram, að fyrri kröfuliðurinn eigi engan rétt á sér, þar sem Einar Ingþór fái greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, meðan hann er á ómagaaldri. Þá er því mótmælt, að drengurinn eigi rétt á bótum fyrir röskun á stöðu og högum, en til vara er þeim lið mótmælt sem of háum.

Lögum samkvæmt greiðir Tryggingarstofnun ríkisins óendurkræfan barnalífeyri til Einars Ingþórs eftir lát föður hans. Haldast þær greiðslur til fullnaðs 16 ára aldurs drengsins. Bætur til Einars Ingþórs vegna missis fyrirvinnu og vegna röskunar á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 55.000.00.

Samkvæmt framanskráðu verða þá úrslit aðalsakar og meðalgöngusakar þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbúsins kr. 4.019.00, vegna hennar sjálfrar kr. 320.000.00 (kr. 280.000.00 + kr. 40.000.00) og vegna Einars Ingþórs kr. 55.000.00.

Fallast verður á mótmæli stefndu gegn því, að 7% ársvextir verði dæmdir af fjárhæðum þessum, þar sem til slíks brestur lagaheimild. Verða því 6% vextir p. a. dæmdir af fjárhæðunum frá slyssdegi, eins og krafist er, til greiðsludags.

Með hliðsjón af málalokum ber að dæma stefndu in solidum til greiðslu málskostnaðar. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 18.300.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi sóknaraðilja, Sigurður Baldvinsson hdl., kr. 18.000.00 í málssóknarlaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómurunum Hákonni Þorsteinssyni öryggis-eftirlitsmanni og Hilmari H. Friðrikssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, firmað Johan Rönning h/f og rafvirkjadeild Sam-einaðra verktaka, greiði in solidum stefnanda, Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00, vegna hennar sjálfrar kr. 320.000.00 og vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 55.000.00.

Af dæmdum fjárhæðum greiði stefndu in solidum 6% árs-vexti frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnendum in solidum kr. 18.300.00 í máls-kostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi sókn-araðilja, Sigurður Baldursson hdl., kr. 18.000.00 í málssókn-arlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 38/1956. **Bjarni Jóhannesson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Hóteli Borgarness h/f

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar á leigusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið málið þessu tii Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi riftaði leigusamningi aðilja án lögmætra á-stæðna, og hefur stefndi ekki firrt sig öllum rétti til að krefja hann skaðabóta af þeim sökum. Þegar litið er til samnings þess í heild, er stefndi gerði við Steinunni Haf-stað og lýst er í héraðsdómi, og að sá samningur var ekki borinn undir áfrýjanda, þykja bætur hans til stefnda vegna riftunar leigusamningsins hæfilega ákveðnar kr. 19.000.00. Frá fjárhæð þessari ber að draga ógoldna leigu eftir her-bergi í gistihúsinu, sem viðurkennt er, að stefndi átti að greiða áfrýjanda umsamið leigutímabil, kr. 500.00 á mán-